

Sp. 197. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að ábyrgjast fyrir samvinnufélag eða hlutafélag, sem stofnað verður til þess að reisa og reka strigaverksmiðju á Eskifirði, allt að 300 þúsund króna lán, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

2. að ábyrgjast fyrir Eskifjarðarhrepp allt að 200 þúsund króna lán til nýrrar rafveitu fyrir Eskifjörð og nágrenni hans, gegn ábyrgð sýslunefndar Suður-Múla-sýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar. Bæði lánin má taka í erlendri mynt.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar samhljóða þessari var flutt af Jónasi Guðmundssyni á síðasta Alþingi, og fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð, sem hér með visast til:

Það mun öllum landslýð kunnugt orðið, að kauptúnið Eskifjörður hefir átt við mjög stórkostlega örðugleika að stríða undanfarið mörg ár. Fyrir nokkru var þar all-öflugur atvinnurekstur. Þaðan var gerður út togari, og um skeið tveir línuveiðarar og margir vélbátar. Nú er þetta að mestu horfið og fólkið situr auðum höndum og hjargarlaus. Ríkissjóður hefir orðið að hlaupa þar undir baggann síðustu árin og veita þangað beinan styrk, til þess að fólkið hungraði ekki.

Það má telja fullreynt, að útgerð muni ekki geta orðið aðalatvinnuvegur Eskifirðinga í framtíðinni. Eskifjörður liggur verr til sjósóknar en verstöðvarnar fyrir sunnan hann og norðan; hinsvegar er þar nokkurt vatnsafl til virkjunar og því sæm- leg skilyrði fyrir ýmskonar iðnrekstur. Verður því, ef því ófremdarástandi á af að léttu, sem nú hefir ríkt í atvinnumálum þessa staðar undanfarið, að hefjast handa þar um iðnrekstur, er skapað geti verulega og varanlega atvinnu fyrir íbúana þar.

Nú um tveggja ára skeið hafa forgöngumenn hreppsfélagsins haft með höndum athuganir í þessum efnun og komið að þeirri niðurstöðu, að margt mælti með því, að þar yrði reist verksmiðja til að vinna umbúðastriga, og væri auðvitað sjálfsagt, að strigasekkjagerð væri í sambandi við verksmiðjuna. Allveruleg athugun á því máli hefir farið fram hjá skipulagsnefnd atvinnumála, og er nánar að því vikið í útdrætti úr bréfi oddvita Eskifjarðarhrepps, er fylgir hér á eftir. Stofnkostnað slíkrar verksmiðju áætlar skipulagsnefnd 283 þús. kr. (Sbr. Álit og tillögur skipulagsnefndar, bls. 403).

Við Íslendingar notum nú óhemju nikið af umbúðastriga (hessian) um saltfisk okkar, og feiknin öll eru notuð af sekkjum um sildar- og fiskimjöl, og fer sífellt vaxandi.

Sjálfsagt er að leita til þeirra tveggja aðilja, sem langmest nota af þessari vöru, um að gerast hluthafar í því félagi, sem í ráði er að stofna til að reisa og reka striga-verksmiðjuna, en það eru sildarverksmiðjur ríkisins og sölusamband íslenskra fiskframleiðenda. Virðist svo sem mjög létt ætti að vera að koma fyrirtæki þessu á fót, ef allar þær verksmiðjur hirlendar og fiskisölufélög og sambönd, sem striga og sekki nota í stórum stíl, gerðust hluthafar í slíku félagi og gerðu þar kaup sín á þessari vöru. Munu forgöngumenn málsins vafalaust reyna þá leið til hlutfjársofnunar.

Hér er um verulega upphæð að ræða, er ríkissjóður tekur að sér ábyrgð á, en hinsvegar ber og á það að líta, að nú er árlega varið beint úr ríkissjóði 50—60 þús. krónum til styrktar þessu kauptúni, eða íbúum þess, en sá styrkur mundi með öllu falla niður, ef úr framkvæmd þessa verks yrði.

Sá hængur er á að reisa verksmiðjuna á Eskifirði, að þar er ekki nægilega stór rafstöð, og verður því einnig að reisa hana jafnframt. Fyrsta rafstöð landsins var reist á Eskifirði, en nú er hún að verða ónýtt og verður að endurnýjast. Er því sjálf-sagt að reisa þar jafnframt verksmiðjunni stóra rafstöð, er selt geti orku til verk-smiðjunnar og annars þess iðnaðar, er á Eskifirði kynni að skapast. Þess vegna er í tillögunni einnig gert ráð fyrir ábyrgð til rafveitu, er hreppurinn sjálfur reisti.

Þingsályktun þessa hefi ég flutt fyrir tilmæli hreppsnefndarinnar á Eskifirði og annara áhugsamra manna þar, sem vilja að því vinna, að hefja upp að nýju at-vinnulíf staðarins.

Hér fer á eftir bréf frá oddvita hreppsins til Alþingis varðandi þetta mál. Er þar gerð nánari grein fyrir ýmsum atriðum málsins, og læt ég nægja að vísa til þess.

Fylgiskjal.

ODDVITI ESKIFJARÐARHREPPS

p.t. Reykjavík, 16. febrúar 1937.

Fyrir rúmu ári síðan skrifaði ég Emil Jónssyni alþingismanni viðvikjandi atvinnuleysinu á Eskifirði og möguleikum til að útrýma því. Hafði ég þá fengið frumdrög að áætlun um byggingu strigaverksmiðju, sem virtist bera með sér, að þar væri um mjög álitlegt atvinnufyrirtæki að ræða, sem væri líklegt til að bæta að fullu úr þeim vandræðum, sem um langt skeið hafa steðjað að Eskifirðingum. Það ég Emil að segja álit sitt um þetta fyrirtæki og ljá því lið, ef honum virtist það líklegt til að ná því takmarki, sem fyrir mér vakti.

Emil tók vel í málið, en kvaðst þó ekki geta tekið neina afstöðu til þess að svo stöddu, enda voru upplýsingar þær, sem fyrir lágu, mjög af skornum skammti.

Um sama leyti var stödd í Reykjavík sendinefnd frá Eskifirði, sem var að leita aðstoðar ríkisstjórnarinnar fyrir hreppinn. Nefndin tók verksmiðjumálið upp og lagði það fyrir ríkisstjórnina, sem vísaði því til skipulagsnefndar í atvinnumálum. Skipulagsnefnd komst strax að þeirri niðurstöðu, að hér væri um fyrirtæki að ræða, sem ætti mikinn rétt á sér, en taldi þó hinsvegar ekki heppilegt, að slík verksmiðja væri reist á Eskifirði, án þess þó að rökstyðja það að öðru leyti en því, að Eskifjörður væri fjarri öllum höfuðveiðistöðvum landsins. Hefir það sennilega vakað fyrir nefndinni, að dreifingarkostnaður vörunnar yrði svo mikill frá Eskifirði, að hún yrði ekki samkeppnisfær við erlendan striga, því engum mun detta í hug, að óeðlilegra eða erfðara yrði fyrir kaupendurna að fá vöruna frá Eskifirði heldur en frá útlöndum, eins og nú er.

Síðan í sumar hefir 1. þingm. Sunnmýlinga, Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra, haft málið með höndum. Lagði hann það aftur fyrir skipulagsnefnd, og hefir hún skilað álit um það almennt, án þess að binda það við nokkurn sérstakan stað. Leggur nefndin til, að til þessa fyrirtækis verði stofnað hið fyrsta, enda virðist hér um mjög glæsilegt atvinnufyrirtæki að ræða, auk þess sem það mundi spara landinu árlega gjaldeyri, sem svarar 200—300 þús. krónum.

Fyrstu frumáætlanirnar um verksmiðjuna voru byggðar á þýzkum tilboðum um vélar, en áætlunir skipulagsnefndar eru byggðar á vélaverði í Írlandi. Virðast írsku vélarnar vera miklum mun ódýrari en þær þýzku, enda verður rekstraráætlun skipulagsnefndar miklu álitlegri en hinar fyrri áætlanir voru. Auk þess fylgir sá höfuðkostur áætlun skipulagsnefndar, að þar er gert ráð fyrir, að h. u. b. 30 manns fleira fái atvinnu við fyrirtækið en búizt var við eftir þýzku tilboðunum. Sennilega felst sá munur í öðruvísi vélasamstillingu, eða e. t. v. minni „mekaniseringu“.

Sjálfsgagt þarf ekki um það að efast, að umrædd verksmiðja verði byggð á næstunni. Hitt er og jafnvíst, að hið allra fyrsta verður að stíga eitthvert stórt skref til að ráða fram úr núverandi ástandi á Eskifirði. Liggur því beint við að athuga, hvað geti mælt með því og hvað móti, að verksmiðjan verði reist á Eskifirði.

Við Emil Jónsson höfum gert drög að samanburðaráætlunum um rekstur verksmiðjunnar í Reykjavík eða Hafnarfirði annarsvegar og á Eskifirði hinsvegar. Líta þær áætlunir þannig út:

I. Reykjavík (Hafnarfjörður):

Hráefni	kr. 256600.00
Raforka	— 17000.00
Vextir af stofn- og rekstrarfé og afskriftir	— 34000.00
Vinnulaun	— 151500.00
Skrifstofa og forstjórn	— 18500.00
Flutningskostnaður	— 7000.00
Ýmis kostnaður	— 15000.00
Samtals	<u>kr. 499600.00</u>

II. Eskifjörður:

Hráefni	kr. 256600.00
Raforka	— 22000.00
Vextir af stofn- og rekstrarfé og afskriftir	— 34000.00
Vinnulaun	— 133300.00
Skrifstofa og forstjórn	— 16500.00
Flutningskostnaður	— 10000.00
Ýmis kostnaður	— 13500.00
Samtals	kr. 484900.00

Fyrri áætlunin er í öllum aðalatriðum samhljóða áætlun skipulagsnefndar. Er aðeins gert ráð fyrir ódýrari raforku og dálítið minni dreifingarkostnaði en upphaflega var gert.

Um seinni áætlunina skal þetta tekið fram:

Almennt tímakaup er nú á Eskifirði kr. 1.10 um klst., en kr. 1.36 í Reykjavík. Er því ekki of mikið að gera ráð fyrir, að vinnulaun yrðu 12% lægri á Eskifirði en í Reykjavík við verksmiðjuna, heldur mundi mega gera ráð fyrir ennþá meiri mismun á vinnulaununum, sérstaklega ef samið yrði til langs tíma og á þeim grundvelli, að launin hækkuðu og lækkuðu á hverjum tíma í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem verða kynnu á vinnulaunum í Reykjavík á samningstímabilinu.

Skrifstofukostnaður mundi einnig verða mun lægri á Eskifirði en í Reykjavík, þó gera yrði ráð fyrir sömu launum handa framkvæmdastjóra, sem sennilega yrði aðfenginn til Eskifjarðar.

Gera má ráð fyrir, að ýmis kostnaður yrði a. m. k. 1500 krónum lægri á Eskifirði en í Reykjavík, með tilliti til mismunar á upp- og útskipun, hafnargjöldum o. fl.

Ég skal geta þess, að framkvæmdarstjóri Skipaútgerðar ríkisins telur, að dreifingarkostnaður á striganum mundi alls ekki verða meiri frá Eskifirði en Reykjavík, þó gera mætti ráð fyrir því, að mjög verulegur hluti hans yrði notaður í Reykjavík og nágrenni hennar. Stafar þetta af því, að frá Eskifirði mundi fást mjög mikill afsláttur á flutningsgjöldum, því þaðan, eins og víðar úti um land, vantar skipin yfirleitt flutning, meðan þau fara fullfermd frá Reykjavík.

Þá er það mjög stórt atriði í þessu máli, að nú verður ríkið að leggja Eskifjarðarhreppi a. m. k. 50—60 þús. kr. á ári, sem þó hrekkur varla til að draga fram lífið í hinum atvinnulausa fjölda þar. En með strigaverksmiðjunni og þeim atvinnutækjum, sem enn eru til á Eskifirði, mundi að fullu og öllu bætt úr atvinnuleysinu þar og hreppurinn gerður sjálfbjarga að öllu leyti, ekki sízt með tilliti til þess, að bú hans hefir nú verið gert upp á svo hagkvæmum grundvelli, að honum mundi engin byrði verða að gömlum skuldum, ef hann fengi verksmiðjuna.

Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir, hvað helzt gæti mælt á móti því, að verksmiðjan væri byggð á Eskifirði, og ekki getað fest auga á neinu því, er máli skiptir. Hér er ekki um að ræða að taka neitt frá neinum, því til þessa iðnaðar er enn enginn visir í landinu. Og varla mun kaupendunum þykja verra að fá striga sinn frá Eskifirði en frá Englandi eða Þýzkalandi, ef verðið er samkeppnisfært, en það ætti það ekki sízt að vera á Eskifirði, þar sem væntanlegur rekstrarhagnaður þar ætti að vera um 77 þús. kr. móti um 62 þús. kr. í Reykjavík samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum.

Út af framansögðu vil ég leyfa mér að skora á hið háa Alþingi að heimila ríkisstjórninni að veita hlutafélagi eða samvinnufélagi á Eskifirði ábyrgð fyrir allt að 300 þúsund króna láni til að reisa strigaverksmiðju, enda leggi viðkomandi félag fram 10% af andvirði verksmiðjunnar.

Virðingarfyllt

A. Jónsson.

Til Alþingis, Reykjavík.